

FUNDARGERÐ

274. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 25. september 2024 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennir Silja Dögg Gunnarsdóttir, Ingvar Smári Birgisson, Mörður Áslaugarson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Þráinn Óskarsson, Aron Ólafsson og Margrét Tryggvadóttir. Marta Guðrún Jóhannesdóttir og Rósa Kristinsdóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Anna María Benediktsdóttir áheyrnarfulltrúi, Hinrik Gunnarsson endurskoðandi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Björn Þór Hermannsson fjármálastjóri og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir

Fundargerðir nr. 273 var lögð fram og samþykkt.

2. Árshlutauppgjör

Fjármálastjóri kynnti árshlutareikning samstæðu Ríkisútvarpsins ohf. Tap samstæðunnar á tímabilinu nam 398 m.kr. og var afkoman lakari um 325 m.kr. samanborið við sama tíma í fyrra. Aukningu í rekstrarkostnaði og lakari afkomu milli ára megi að talsverðu leyti rekja til hárra gjaldfærslna á sýningarrétti vegna EM ífotbolta og Ólympíuleika en einnig til aukins launa- og verktakakostnaðar vegna eldsumbrotanna á Reykjavík og forsetakosninga í byrjun júní. Að teknu tilliti til verðlagsþróunar jukust rekstrargjöldin um 5% að raunvirði milli ára.

Tekjur dótturfélags RÚV á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024 voru 1.452 m.kr. (2023: 1.514 m.kr.), þar af voru tekjur af auglýsingum 1.257 m.kr. (2023: 1.253 m.kr.). Hagnaður af rekstri var kr. 111,2 m.kr. (2023: 110,9 m.kr.). Auglýsingatekjur hafi nánast staðið í stað milli ára að nafnvirði þrátt fyrir stóra íþróttaviðburði sem voru sýndir í sjónvarpinu í sumar. Að teknu tilliti til verðlagsþróunar hafi auglýsingatekjurnar lækkað um 5% að raunvirði milli ára.

Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir samstæðunnar kr. 9.398 m.kr. Viðskiptakrörur félagsins námu 401 millj. kr. í lok júní 2024 samanborið við 595 millj. kr. í lok síðasta reikningsárs. Sýningarréttur nam samtals 3.127 m.kr. í lok júní 2024 samanborið við 2.969 m.kr. í lok árs 2023. Sýningarréttur hækkaði því um 158 m.kr. frá áramótum. Sýningarréttir séu skipt upp í langtíahluta og skammtíahluta eftir því hvenær rétturinn sé tiltækur til sýninga.

Langtímaskuldir námu 4.053 m.kr. og hækkuðu um 107 m.kr. á árinu sem er fyrst og fremst vegna verðbóta af LSR láni. Bókfært eigið fé í lok tímabilsins sé 1.412 m.kr. og eiginfjárlutfall samstæðunnar hafi lækkað og sé nú 15%.

Hinrik Ólafsson endurskoðandi kynnti fyrir stjórn skýrslu þar sem gerð var grein fyrir helstu niðurstöðum könnunar árshlutareikningi samstæðu Ríkisútvarpsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2024. Í skýrslunni sé greint frá helstu reikningsskilamálum og öðrum málum sem komu í ljós við könnun þeirra, ásamt ábendingum og tillögum um úrbætur eftir því sem við ætti.

Í áritun á samstæðuárshlutareikninginn kom framað við könnun hans hafi ekkert komið fram sem bendi til að reikningurinn sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga.

Árshlutareikningur samstæðu Ríkisútvarpsins var samþykktur og áritaður af stjórn.
Hinrik vék af fundi.

~M
H
MÍ
11/15 P

3. Fjármál

Fjármálastjóri kynnti uppgjör fyrir ágúst og var afkoman jákvæð um tæplega 100 m.kr. Það sé þó tæplega 30 m.kr. undir áætlun sem skýrist fyrst og fremst af frávikum í sjónvarpi/íþróttum og fjármagnsliðum. Um sé að ræða ýmsan tækni-, starfsmanna- og verktakakostnað vegna EM í fótbolta og Ólympíuleika sem reyndist umfram áætlun. Frávikið sé tekið inn í ágúst þegar lokauppgjör þessara viðburða hafi farið fram. Frávik vegna fjármagnsliða sé nær alfarið vegna gengistaps í ágúst.

Afkoma fyrstu átta mánuði ársins sé 167 m.kr. lakari en uppfærð áætlun hafígert ráð fyrir. Að frátöldum afskriftum og fjármagnsliðum var afkoman 129 m.kr. lakari. Auglýsingatekjur séu nánast á pari fyrir þetta tímabil samanborið við endurskoðaða áætlun. Áhyggjuefni fram á við séu áhrif af stöðu efnahagsmála á sölu auglýsinga og þróun sölu auglýsinga í útværpi.

Rekstraráætlun ársins gerði ráð fyrir að reksturfélagsins árið 2024 yrði rekinn með lítils háttar hagnaði líkt og á árinu 2023. Í þeiri áætlun var þó nær ekkert svigrúm til að mæta frávikum í rekstri. Margvislegir ytri atburðir og breyttar forsendur hafi nær allir lagst í sömu áttina og ollið því að rekstur félagsins hafi verið þungur á yfirstandandi ári. Gripið var til ráðstafana sl. vor til að bæta afkomu og sjóðstöðu félagsins. Við vinnslu árshlutauppgjörsins var á hinn bóginn ljóst að umfang rekstrarvandans í ár var nokkuð meira en reiknað var með. Áætlaður rekstrarhalli fyrir árið í heild (eftir janúar-júlí) nemim um 200 m.kr. Meiri óvissu gæti um þróun á sjóðstöðunni en markmiðið sé að bæta hana eins og kostur sé til áramóta og lækka þannig yfirdráttarstöðu félagsins.

Í ljósi verri fjárhagsstöðu hafi verið gripið til frekari ráðstafana til að bæta rekstrarrafkoma og sjóðstöðuna sl. vikur. Áætlað sé að með þessum ráðstöfunum verði rekstrarrafkoman betri um 40-60 m.kr. en áfram verði unnið að því að bæta rekstur félagsins á komandi mánuðum. Koma þessar ráðstafanir til viðbótar ráðstöfunum sem námu um 160-200 m.kr. sl. vor og hefði afkoman í ár verið lakari sem þessu næmi.

Dregið hafi verið úr umfangi launakostnaðar með fækkun stöðugilda. Áherslan hafi verið á að nýta starfsmannaveltuna eins og kostur væri þó það hafi ekki verið hjá því komist að segja starfsfólkí upp. Fækkun stöðugilda hafi bein og auðmælanleg áhrif til að lækka launakostnaðinn. Fyrirhugaðar séu ýmsar skipulagsbreytingar m.a. í tengslum við breytt skipurit sem gætu nýst til að draga úr launakostnaði.

Á yfirstandandi ári hafi verið farið í ýmsar ráðstafanir til að draga úr öðrum rekstrarkostnaði sem fólst m.a. í almennri hagræðingu á einstakar deildir. Dagskrársetning hafi verið endurskoðuð og dregið hafi verið úr umfangi dagskrártengdra viðburða. Hætt var við opið hús í Efstaleiti sem hafði verið fyrirhugað í haust. Dregið hafi verið úr verktöku í haust, samningar og áskriftir verið endurskoðaðir og samdráttur í ferðalögum o.fl. Stöðugt verði leitað leiða til að bæta rekstrarrafkoma í haust og markmið við áætlanagerð næsta árs sé að koma rekstrinum í jafnvægi. Auk þessara ráðstafana og í ljósi sjóðstöðunnar hafi einnig verið gripið til þess að draga úr fjárfestingu til loka ársins eins og unnt er og einungis ráðist í brýnustu fjárfestingar og húsnæðisframkvæmdir. Loks hafi verið gripið til þess eins og kostur sé að hliðra til eða fresta greiðslum fram á næsta ár vegna kaupa á dagskrárefni.

4. Minnispunktar útvärpsstjóri

Útvärpsstjóri lagði fram til kynningar drög að nýju skipuriti Ríkisútvärpsins sem unnið hafi verið að undanfarin misseri. Markmiðið með nýju skipulagi sé að það sé skýrt, endurspegli hlutverk og ábyrgð hverrar einingar og sé í fullu samræmi við markmið og áherslur í stefnu RÚV 2022-2026. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á liðnum misserum í samræmi við framangreint en helstu breytingar sem nú séu lagðar til snúa að því að færa framleiðslusvið undir dagskrárdeildir sjónvarps og útværps og færa

WDFC WJ AD
bæ. HR M

starf framkvæmdastjóra miðla undir fjármálastjóra. Ýmis smærri atriði séu samhliða til skoðunar og staðsetning einstakra verkefna í skipulagi og áfram gert ráð fyrir því að útvarpsstjóri hafi svigrúm til tilfærslna og ráðstafana hverju sinni í samræmi við áherslu, í tengslum við hagræðingu o.fl.

Útvarpsstjóri kynnti breytingar á heildarúltiti sjónvarps (on-air look), sem hefur verið nánast óbreytt í tíu ár. Unnið hefur verið að breytingunum um skeið og munu þær sjást að fullu á skjánum undir lok septembermánaðar.

Þá gerði útvarpsstjóri grein fyrir því að í gangi væri rýni á skipulagi fréttajónustu í sjónvarpi, en sjónvarpsnotkun og önnur neysluhegðun notenda fréttu RÚV hafi tekið töluverðum breytingum á síðustu árum með tilkomu nýrra miðlunarleiða, nýrrar tækniáborð við tímaflakk og nýrra tækjaáborð við snjallsíma. Náið hafi verið fylgst með þróun áhorfs út frá ýmsum breytum og var farið nánar yfir þá stöðu á fundinum. Þær breytingar sem þar koma fram kalla á viðbrögð sem nú sé verið að rýna, með það að markmiði að bæta þjónustu almennt sem og einstakra hópa.

Útvarpsstjóri minnti á útvarpsþing sem haldið verði 3. október nk. með yfirkriftinni fjölmiðlar og fræðsla.

Útsendingu langbylgju frá Gufuskálum verður hætt í nóvember í samræmi við áætlanir, en unnið var að því í sumar að bæta við FM sendum á útsendingarsvæðinu til þess að tryggja að FM kerfið gæti tekið að öllu leyti við þegar henni verður lokað.

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir því að reglur og viðmið um notkun gervigreindar hjá RÚV hefðu verið settar, en drög að þeim höfðu áður verið kynnt stjórn.

Þá upplýsti útvarpsstjóri um að fjórir erlendir starfsmenn RÚV hefðu að undanförnu fengið kennslu í íslensku hjá Bjarna Benedikt Björnssyni málfarsráðgjafa hjá RÚV sem jafnframt sé sérhæfður í kennslu íslensku fyrir útlendinga. Starfsmennirnir sem starfa á mismunandi sviðum innan RÚV hefðu m.a. fengið sérstaka þjálfun í íslensku á sínu fagsviði auk almennrar kennslu.

Loks upplýsti útvarpsstjóri um það að í upphafi vetrar væri mikil áhersla lögð á heilsu og velferð starfsfólks með fyrilestrum og leiðbeiningum á ýmsum sviðum auk annars stuðnings.

5. Önnur mál

a. Ráðningarsamningur útvarpsstjóra

Starfsmenn RÚV véku af fundi. Rætt var hlutverk stjórnar í tengslum við ráðningu útvarpsstjóra og ráðningarferlið almennt. Formanni stjórnar var falið að óska eftir slíkum upplýsingum frá skrifstofustjóra RÚV. Formaður stjórnar sagðist hafa átt samtal við útvarpsstjóra þar sem hann lýsti áhuga sínum um endurráðningu. Stjórn óskaði eftir skriflegu erindi þess efnis þar sem þetta kæmi fram. Ákveðið var að funda fljótlega aftur þegar umbeðnar upplýsingar lægju fyrir.

Fundi slitið.

The image shows several handwritten signatures in blue ink, likely from the members of the board of directors of RÚV. The signatures are somewhat stylized and overlapping. Some legible names include "Ingvor Þórunn Birgisdóttir", "Hrafn Ólafsson", "Thuríður Þorgrimsdóttir", "Björn Ósleifsson", and "Sigurður Þórssen". There are also other signatures that are less clearly legible due to the style of writing.